



Árshlutareikningur 30. júní 2011

Stefnir hf.
Borgartúni 19
105 Reykjavík

Kt. 700996-2479

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Könnunaráritun óháðs endurskoðanda	5
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Sjóðstreymisyfirlit	8
Skýringar	9

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Tilgangur Stefnis hf. er að annast rekstur verðbréfasjóða, fjárfestingasjóða og fagfjárfestasjóða. Stefnir er stærsta sjóðastýringarfyrtæki landsins með yfir 300 milljarða króna í virkri stýringu. Einnig stýrir félagið eignum nokkurra samlagshlutafélaga sem stofnuð hafa verið í kringum framtaksfjárfestingar. Stefnir er dótturfélag Arion banka hf. og er A-hluti árshlutareikningsins hluti af samstæðureikningi bankans og dótturfélaga hans

Árshlutareikningi félagsins er skipt í tvo hluta, A-hluta sem inniheldur árshlutareikning Stefnis hf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2011 og B-hluta sem inniheldur árshlutareikning verðbréfasjóða, fjárfestingasjóða og fagfjárfestasjóða fyrir sama tímabil. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið á undan. Framsetning á reikningnum er í samræmi við reglur um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða sem settar eru af Fjármálaeftirlitinu, samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki.

Starfsemi á árinu

Hagnaður varð af rekstri félagsins á tímabilinu að fjárhæð 311 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé félagsins í lok tímabils nam 2.025 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Eiginfjárlutfall sem reiknað er samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki er 97,7 % en samkvæmt lögnum má hlutfallið ekki vera lægra en 8,0 %.

Hlutfé félagsins nam í upphafi og lok tímabils 43,5 millj. kr. og var það allt í eigu Arion banka hf. og tengdra félaga.

Verðmyndun á fjölmörgum fjármálagerningum er óljós á markaði. Til þess að meta virði þessara fjármálagerna var fengin aðstoð utanaðkomandi aðila.

Helstu atburðir í rekstri félagsins á fyrri árshelmingi 2011

Aðalfundur félagsins var haldinn 16. mars 2011 en þar var tekin ákvörðun um 500 m. kr. arðgreiðslu til hluthafa Stefnis. Einnig voru nýir endurskoðendur kjörnir en þeir eru Ernst & Young hf. Stjórn Stefnis hefur skipað endurskoðunarnefnd og í henni eru Snjólfur Ólafsson formaður, Guðlaug Sigurðardóttir og Sturla Jónsson.

Fjárfestar sóttu mest í skuldabréf með ábyrgð íslenska ríkisins eins og síðustu misseri en Stefnir hefur einsett sér að bjóða breitt úrval skuldabréfasjóða til að mæta þörfum fjárfesta. Á fyrri hluta ársins var tveimur verðbréfasjóðum bætt við sjóðaframboð skuldabréfa, Stefni Ríkisverðbréfasjóði stuttum og Stefni Lausafjárjóði. Sjóðirnir hafa mætt óskum fjárfesta um fjárfestingakosti með stuttum líftíma með og án ábyrgðar íslenska ríkisins. Samanlögð stærð þeirra við lok árshelmingins nam 2,6 milljörðum. Fjárfestingasjóðurinn Stefnir Eignaval erlent var einnig stofnaður á fyrri árshelmingi en sjóðurinn er markaðssetur sérstaklega fyrir Einkabankaþjónustu Arion banka hf. Virk stýring erlendra hlutabréfa og áhættudreifing í blönduðu safni verðbréfa er helsta markmið sjóðsins.

Aðkoma Stefnis að rekstri nokkurra samlagshlutafélaga hefur verið áberandi í fjölmiðlum en félagið hefur gert rekstarsamning við Búvelli slhf. og SF 1 slhf auk þess að hafa forystu um kaup á þremur rótgrónum og farsælum íslenskum fyrirtækjum; Högum, Sjóvá Almennum tryggingum hf og Sjóklæðagerðinni hf.

Stefnir Íslenski Athafnasjóðurinn I (SIA I) lauk fyrstu fjárfestingu sjóðsins ásamt hópi meðfjárfesta. Fjárfest var í 35,3% hlut í Högum, en seljandinn var Eignabjarg ehf., dótturfélag Arion banka. Stofnað var sérstakt félag utan um kaupin, Búvellir slhf., sem er í eigu nokkurra lífeyrissjóða, sjóðanna Stefnis IS-5 og Stefnis - Samvals auk annarra fagfjárfesta. Kaupin hafa hlotið samþykki Samkeppniseftirlitsins. SIA I, Fagfjárfestasjóðurinn Stefnir ÍS 5 og aðrir meðfjárfestar mynduðu með sér félagið SF1 slhf. sem keypti 52,4% hlutfjár í Sjóvá Almennum Tryggingum hf. Seljandi hlutarins var Eignasafn Seðlabanka Íslands. Fyrir liggur samþykki Fjármálaeftirlitsins og Samkeppniseftirlitsins vegna kaupanna. Þess má geta að SIA I gekk frá þriðju fjárfestingu sinni í júlí 2011. Um var að ræða ríflega helmingshlut í Sjóklæðagerðinni hf. í gegnum félagið SF II. Allar þessar fjárfestingar falla vel að markmiði SIA I um að fjárfesta í vel reknum félögum með öflugum stjórnendum.

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra, frh.

Framtíðaratburðir, áhættu- og óvissupættir í rekstri félagsins á seinni ársþinginni 2011

Gjaldeyrishöft hamlu vexti erlendra sjóða í rekstri félagsins, hvort tveggja er lokað fyrir nýfjárfestingu, og einnig hafa aðgerðir Seðlabanka Íslands vegna afnáms gjaldeyrishafta þrýst á sölu íslenskra lífeyrissjóða á erlendum verðbréfasjóðum. Gott gengi erlendra sjóða í stýringu Stefnis hefur haft mikið að segja við að viðhalda stærð sjóðanna

Verðbólguhraði innanlands hefur aukist hraðar en spár gerðu ráð fyrir og er nú talsvert yfir markmiði Seðlabanka Íslands. Fjárfestar hafa því sótt meira í verðtryggð en óverðtryggð skuldabréf. Skuldabréfasjóðir og blandaðir sjóðir í stýringu Stefnis hafa lagt áherslu á að halda verðtryggingarhlutfalli háu og hefur það skilað sér í góðri ávöxtun, sér í lagi þegar horft er til sambærilegra sjóða samkeppnisfyrirtækja.

Þrátt fyrir að nýskráningar á innlendan hlutabréfamarkað hafi ekki átt sér stað á fyrri ársþinginni 2011 bindur Stefnir vonir við að undirbúningur skráningar nýrra félaga muni hefjast á haustmánuðum 2011. Tvö félög á markaði hafa aukið hlutfé sitt það sem af er ári og var töluverður áhugi fagfjárfesta og almennings fyrir hendi. Stefnir telur þetta jákvætt merki um áhuga og eftirspurn aðila á innlendum fyrirtækjum.

Stjórn Stefnis vekur athygli á því að félaginu hafa borist riftunarkröfur frá slitastjórn Landsbanka Íslands hf. vegna viðskipta sjóða í stýringu félagsins við Landsbanka Íslands hf., fyrir og í kringum fall bankans. Nánari lýsingu er að finna í skýringu 17.

Áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Stjórn og framkvæmdastjóri Stefnis hf. staðfesta hér með árshlutareikning félagsins fyrir tímabili 1. janúar til 30. júní 2011 með undirritun sinni.

Reykjavík, 30. ágúst 2011

Í stjórn félagsins:

Skuld Rudolfsdóttir
Svana Bjarnadóttir
Eggest Teið
Kjartan Jónsson

Framkvæmdastjóri:

Floki Hauðörn

Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa í Stefni hf. og eigenda hlutdeildarskírteina í verðbréfasjóðum Stefnis hf, fjárfestingarsjóðum Stefnis hf. og fagfjárfestasjóðum Stefnis hf.

Við höfum kannað meðfylgjandi árshlutareikning Stefnis hf. fyrir tímabilið 1. janúar - 30. júní 2011. Árshlutareikningurinn er í tveim hlutum; A-hluti, sem er rekstrarfélagið sjálft, og B-hluti, sem er fyrir verðbréfasjóði, fjárfestingasjóði og fagfjárfestasjóði rekstrarfélagsins. A-hlutinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar fyrir Stefni hf. B-hlutinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um breytingu á hreinni eign, yfirlit um fjárfestingar, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar fyrir verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði rekstrarfélagsins. Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu árshlutareikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árshlutareikninginn sem byggir á könnuninni.

Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á árshlutareikningum. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum félagsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn víðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við ekki í ljós álit um endurskoðun.

Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á tímabilinu, efnahag þess 30. júní 2011 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu, í samræmi við lög um ársreikninga, lög um fjármálafyrirtæki og reglur um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða sem settar eru af Fjármálaeftirlitinu.

Reykjavík, 30. ágúst 2011

Ernst & Young hf.



Margrét Pétursdóttir
löggiltur endurskoðandi

Rekstrarreikningur 1. janúar til 30. júní 2011

	Skýr.	1.1. - 30.6 2011	1.1. - 30.6 2010
Rekstrartekjur			
Umsýslu- og árangurstengdar þóknanir	4	694.339	783.879
Hreinar fjármunatekjur	10	39.173	(23.212)
Hreinar rekstrartekjur		<u>733.512</u>	<u>760.667</u>
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	11	136.174	104.322
Vörsluþóknun		80.440	64.367
Þjónustugjöld til Arion banka hf.		25.469	38.586
Annar kostnaður		102.701	90.520
Rekstrargjöld		<u>344.783</u>	<u>297.795</u>
Hagnaður fyrir tekjuskatt		388.729	462.872
Tekjuskattur	9, 15	(77.746)	(82.300)
Hagnaður tímabilsins	14	<u>310.983</u>	<u>380.572</u>

Efnahagsreikningur 30. júní 2011

	Skýr.	30.06.2011	31.12.2010
Eignir			
Skuldabréf		20.223	19.855
Verðbréf með breytilegum tekjum		1.141.578	971.540
Verðbréf samtals	12	<u>1.161.802</u>	<u>991.395</u>
Krafa á móðurfélag		70.970	396.087
Viðskiptakröfur		334.417	285.178
Kröfur samtals		<u>405.387</u>	<u>681.265</u>
Tekjuskattseign	15	0	28.143
Aðrar eignir		39.065	19.402
Handbært fé		733.131	847.747
Aðrar eignir samtals		<u>772.196</u>	<u>895.293</u>
Eignir samtals		<u><u>2.339.385</u></u>	<u><u>2.567.953</u></u>
Eigið fé			
Hlutfé		43.500	43.500
Lögbundinn varasjóður		10.875	10.875
Óráðstafað eigið fé		1.970.920	2.159.937
Eigið fé samtals	14	<u>2.025.295</u>	<u>2.214.312</u>
Skuldir			
Skuldir við móðurfélag		134.929	227.401
Viðskiptaskuldir		18.880	29.010
Aðrar skammtímaskuldir		110.678	97.230
Skattskuld	15	49.602	0
Skuldir samtals		<u>314.090</u>	<u>353.641</u>
Skuldir og eigið fé samtals		<u><u>2.339.385</u></u>	<u><u>2.567.953</u></u>

Sjóðstreymisýfirlit 1. janúar til 30. júní 2011

	Skýr.	1.1. - 30.6 2011	1.1. - 30.6 2010
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður tímabilsins	14	310.983	380.572
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Breyting á tekjuskattseign		29.162	82.300
Tekjuskattur til greiðslu		48.583	
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum		167.062	(167.084)
Handbært fé frá rekstri		<u>555.790</u>	<u>295.788</u>
Fjárfestingahreyfingar			
Verðbréf með breytilegum tekjum, breyting	(170.038)	18.332
Verðbréf með föstum tekjum, breyting	(368)	(1.360)
Fjárfestingahreyfingar	(<u>170.406)</u>	<u>16.972</u>
Fjármögnungarhreyfingar			
Greiddur arður	(500.000)	0
Breyting á skuld við móðurfélag		0	(531.032)
Fjármögnunarhreyfingar	(<u>500.000)</u>	<u>(531.032)</u>
Lækkun á handbæru fé	(114.616)	(218.272)
Handbært fé í ársbyrjun		<u>847.747</u>	<u>753.149</u>
Handbært fé í lok tímabils.....		<u><u>733.131</u></u>	<u><u>534.877</u></u>

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

1. Almennar upplýsingar

Stefnir hf. er hlutafélag sem starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög og laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Aðsetur Stefnis er að Borgartúni 19, Reykjavík og kennitala félagsins er 700996-2479.

Stefnir hf. er dótturfélag í eigu Arion banka hf., kt. 581008-0150, Borgartúni 19, Reykjavík

2. Grundvöllur reikningsskila

Árshlutareikningur Stefnis hf., A-hluti, er gerður í samræmi við lög um ársreikninga, lög um fjármálafyrirtæki og reglur um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða. Hann er byggður á kostnaðarverðsreikningsskilum að því undanskildu að verðbréf eru almennt metin á markaðsverði. Árshlutareikningurinn er gerður í íslenskum krónum og eru fjárhæðir birtar í þúsundum. Félagið er dótturfélag Arion banka hf. Árshlutareikningur félagsins er hluti af samstæðureikningi móðurfélagsins og eru upplýsingar um rekstur og fjárhagsstöðu samstæðunnar þar.

3. Matsaðferðir

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mat þessara liða sé gert samkvæmt bestu vitund stjórnenda getur raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

4. Umsýslu- og árangurstengdar þóknanir

Félagið fær eignastýringarþóknun fyrir rekstur Verðbréfasjóða Stefnis hf., Fjárfestingarsjóða Stefnis hf. og Fagfjárfestasjóða Stefnis hf. Þóknunin reiknast sem fast hlutfall af hreinni eign hvers sjóðs og innifelur eftirtalinn kostnað við rekstur sjóðanna; laun starfsmanna rekstrarfélagsins, markaðskostnað og umsýslu. Þá sér rekstrarfélagið um eignastýringu erlendra sjóða sem eru í vörslu erlendra aðila og fær greidda þóknun fyrir. Auk þess fær félagið árangurstengdar þóknanir.

5. Verðbréf

a. Verðbréf með breytilegum tekjum

Verðbréf í eigu rekstrarfélagsins eru veltuverðbréf. Skráð veltuverðbréf eru eignfærð á markaðsverði í lok júní.

b. Skuldabréf

Skuldabréf sem skráð eru á skipulögðum verðbréfamarkaði sem er virkur og verðmyndandi eru metin á markaðsverði hvers tíma. Með virkum og verðmyndandi markaði er vísað í að dagslokagengi skuldabréfs sé ekki byggt á gömlu viðskiptaverði, viðskiptum með óverulegan hlut af heildarútgáfu skuldabréfaflokks eða endurspegli ekki raunvirði skuldabréfs að mati sérfræðinga. Séu horfur á vanefndum útgefanda skuldabréfs er virði þess metið út frá væntum endurheimtum þar sem meðal annars er horft til forgangskrafna.

Skuldabréf útgefanda sem metinn er rekstrarhæfur en er ekki með virka verðmyndun á skipulögðum verðbréfamarkaði er metið á grundvelli ávöxtunarkröfu. Við mat á hæfilegri ávöxtunarkröfu hvers skuldabréfs er horft til almennrar áhættu og aðstæðna á markaði í lok tímabils.

Við mat skuldabréfs útgefanda sem ekki er metinn rekstrarhæfur er horfið frá aðferðarfræðinni sem lýst er að ofan og skuldabréfið metið út frá væntum endurheimtum (e. expected recovery value) og það vaxtafryst. Við mat á væntum endurheimtum er horft til reynslu af endurheimtum frá sambærilegum félögum, ársreikninga félags og yfirlýsinga frá félaginu sjálfu. Sé útgefandi kominn í greiðslustöðvun, hafi ekki staðið í skilum eða lýst yfir að ekki verði greitt af skuldabréfi eru væntar endurheimtur metnar 0-1% og skuldabréfið fært í innheimtuferli. Ef nýjar upplýsingar berast frá útgefanda skuldabréfs, sem hefur áður verið niðurfært að fullu, er skuldabréfið endurmetið sem gæti leitt til uppfærslu á verðmæti. Vegna mikillar óvissu um mat á skuldabréfum geta endanlegar endurheimtur verið verulega frábrugðnar mati í lok júní 2011.

Skýringar, frh.:

6. Erlend viðskipti

Viðskipti í erlendum gjaldmiðli eru umreiknuð í íslenskar krónur á gengi viðskiptadags. Erlendar eignir og skuldir eru færðar á gengi í lok tímabilsins. Eignir í erlendri mynt umfram skuldir nema 958 milljónum króna í lok tímabilsins.

7. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnvirði.

8. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af óbundnum bankainnstæðum.

9. Tekjuskattsskuldbinding

Tekjuskattsskuldbinding félagsins er reiknuð og færð í ársreikninginn. Útreikningur hennar byggist á mismun efnahagsliða samkvæmt skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar. Mismunur, sem þannig kemur fram, stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskil félagsins og er þar í meginatriðum um að ræða tímamismun vegna gengismunar sem dreift er á þrjú ár í samræmi við skattalög. Reiknuð skattinneign vegna yfirfæranlegs taps frá fyrra ári er nýtt til lækkunar á tekjuskatti tímabilsins.

10. Hreinar fjármunatekjur

Hreinar fjármunatekjur greinast þannig:

	1.1. - 30.6 2011	1.1. - 30.6 2010
Verðbreytingar verðbréfaeignar	(25.744)	59.638
Myntgengismunur	59.202	(84.697)
Vaxtatekjur	5.803	1.930
Vaxtagjöld	(88)	(83)
Hreinar fjármunatekjur	<u>39.173</u>	<u>(23.212)</u>

11. Starfsmannamál

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

Laun	112.842	86.767
Launatengd gjöld	<u>23.331</u>	<u>17.555</u>
Laun og tengd gjöld samtals	<u>136.174</u>	<u>104.322</u>

Starfsmannafjöldi á árinu var sem hér segir:

Starfsmenn í lok tímabils	16	14
Meðalfjöldi starfsmanna á tímabilinu	16	16

12. Verðbréf

Verðbréf með breytilegum tekjum greinast þannig:

	Markaðsverð	Bókfært verð
Hlutdeildarskírteini	1.141.578	1.141.578

Skýringar, frh.:

13. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar Stefnis hf. eru móðurfélagið, Arion banki hf. ásamt dóttur- og hlutdeildarfélögum bankans, sjóðir í rekstri, stjórn og lykilstjórnendur Stefnis.

Engin óvenjuleg viðskipti voru við tengda aðila á tímabilinu. Viðskipti við tengda aðila eru á grundvelli þjónustusamninga og eru verðlögð eins og um ótengda aðila væri að ræða.

Meðal eigna félagsins eru skírteini gefin út af sjóðum í rekstri.

Viðskipti við tengd félög 1. janúar til 30. júní 2011:

	Tekjur	Gjöld	Kröfur/Eignir	Skuldir
Viðskipti	134.467	394.003	232.238	150.554
Eignir í sjóðum			995.853	
	<u>134.467</u>	<u>394.003</u>	<u>1.228.091</u>	<u>150.554</u>

14. Eigið fé

a. Hlutfé félagsins nemur 43.5 millj. kr. í lok júní 2011. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu.

b. Yfirlit um breytingar á eigin fé:

	Hlutfé	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2010	43.500	10.875	1.502.455	1.556.830
Hagnaður ársins			657.482	657.482
Eigið fé 31.12.2010	<u>43.500</u>	<u>10.875</u>	<u>2.159.937</u>	<u>2.214.312</u>
Eigið fé 1.1.2011	43.500	10.875	2.159.937	2.214.312
Greiddur arður			(500.000)	(500.000)
Hagnaður tímabilsins			310.983	310.983
Eigið fé 30.06.2011	<u>43.500</u>	<u>10.875</u>	<u>1.970.920</u>	<u>2.025.295</u>

c. Eigið fé í lok júní er 2.025 þús kr. eða 86,6% af niðurstöðu efnahagsreiknings. Eiginfjárlutfall rekstrarfélagsins sem reiknað er samkvæmt ákvæðum 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki er 97,7% en lágmarks eiginfjárlutfall er 8% samkvæmt lögum. Hlutfallið reiknast þannig:

	30.06.2011	31.12.2010
Heildar eigið fé	2.025.295	2.214.312
Skatteign	0	(28.143)
Eiginfjárgrunnur	<u>2.025.295</u>	<u>2.186.169</u>
Heildar eiginfjárfkrafa greinist þannig:		
Útlánaáhætta	135.688	123.579
Markaðsáhætta	30.173	38.388
Eiginfjárfkrafa	<u>165.861</u>	<u>161.967</u>
Eiginfjárlutfall	97,7%	108,0%

Skýringar, frh.:

15. Skattskuld/Tekjuskattseign

Skattskuld/Tekjuskattseign breytist þannig:

	30.06.2011	31.12.2010
Tekjuskattseign í ársbyrjun	28.143	168.126
Gjaldfærður tekjuskattur	(77.746)	(139.981)
Aðrir liðir	0	(2)
(Skattskuld)/Tekjuskattseign í lok tímabils	<u>(49.602)</u>	<u>28.143</u>
Skiptist þannig:		
Tekjuskattur til greiðslu	(48.583)	0
Tekjuskattsskuldbinding	(1.019)	28.143
Tekjuskattseign/(Skattskuld) í lok tímabils	<u>(49.602)</u>	<u>28.143</u>
Tekjuskattsskuldbinding/-eign skiptist þannig á milli liða:		
Yfirfæranlegt tap	0	21.960
Frestun gengishagnaðar	(1.019)	6.184
Tekjuskattsskuldbinding/-eign í árslok	<u>(1.019)</u>	<u>28.144</u>

Ríkisskattstjóri hefur gert breytingu á skattframtali félagsins frá árinu 2009 vegna rekstrar á árinu 2008. Breytingin varðar niðurfærslu á verðbréfaeign sem Ríkisskattstjóri telur ekki hafa verið heimilla á þeim tíma. Félagið lítur svo á að ekki sé ágreiningur um fjárhæð niðurfærslunnar heldur tímasetningu hennar. Óvissa er því um skatteign félagsins í upphafi tímabilsins og gæti komið til skattgreiðslna vegna síðustu ára. Áhrifin sem breytingar á skattgreiðslum gætu haft á afkomu og eigið fé félagsins eru óveruleg.

16. Aðrar upplýsingar

Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) hefur opnað formlega rannsókn vegna kaupa á eignum peningamarkaðssjóða haustið 2008. Rannsóknin lýtur að því hvort kaup Arion banka hf. á eignum úr sjóðunum geti talist ríkisaðstoð í skilningi 61. gr. EES-samningsins. Stefnir hf. hefur komið athugasemdum sínum á framfæri til Fjármálaráðuneytisins en niðurstöðu er að vænta á árinu 2011.

17. Atburðir eftir lok tímabils

Eftir 30. júní hafa Stefni borist tvær kröfur um riftun frá slitastjórn Landsbanka Íslands hf. Annars vegar er um að ræða riftun vegna sölu á skuldabréfum Hf. Eimskipafélags Íslands í eigu Peningamarkaðssjóðs til Landsbanka Íslands hf. tæpum mánuði fyrir fall bankans árið 2008. Fjárhæð þeirrar kröfu nemur 1.600 mkr. auk vaxta. Hins vegar er um að ræða kröfu um riftun á útgreiðslum Landsbanka Íslands hf. á peningamarkaðsinnlánum sem voru á gjalddaga snemma í október 2008 til fimm sjóða á stýringu Stefnis. Um er að ræða upphæð sem nemur samtals 1.451 mkr. auk vaxta. Stefnir mun mótmæla kröfunum og telur þær tilhæfulausar.